



Vísindi og vald

Rannsóknaviðtak, þekkingargrunnur og faglegt sjálfræði í félagsráðgjöf

Sigrún Júlíusdóttir,
Prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands

Markmið þessarar ritsmíðar er að greina þekkingarfræðilega stöðu félagsráðgjafar og breytt viðhorf til fræðavæðingar. Byggt er á sögulegu sjónarhorni, kenningum og rannsóknaniðurstöðum sem renna stóðum undir ályktun um breytta stöðu. Í greininni er reynt að skilgreina viðtak rannsókna og fræða í félagsráðgjöf. Viðtakið er tengt sögu og fagþróun þar sem þekkingarsköpun er samofin störfum á vettvangi. Í þessu sambandi er sett fram greining á margþættum þekkingargrunni félagsráðgjafar og færð rök fyrir því að viðurkenning á hlutum hans jafnt sem heild leiði til heilsteyptri og þróttmeiri fagímýndar. Fjallað er um lýðræðisáhrif í samstarfi við skjólstæðinga og það faglega sjálfræði sem þarf til að vinna út frá þeirri nálgun. M.a með vísun til kenninga Michel Foucaults um vald og þekkingu er því haldið fram að fagímýnd á fræðilega styrkum grunni færi starfsgreininni sjálfræði til að spyrna við stofnanavaldi og geta virkjað faglegt afl sitt í þágu skjólstæðinga, eigin starfsjálfs og þróunar fagsins.

Áfangar og áherslubreytingar

Á síðastliðnum tveimur áratugum hafa margvíslegar áherslubreytingar orðið og áfangar náðst í félagsráðgjöf á Íslandi, bæði í starfsgreininni og fræðigreininni. Þar ber hæst gróska í rannsókn- og fræðastarfi. FORSA-samtökin (Forskning i Socialt Arbete) voru stofnuð á hinum Norðurlöndunum árið 1985, en þau halda reglulegar innlendar og norrænar ráðstefnur um rannsóknir í félagsráðgjöf. Þar hafa íslenskir félagsráðgjafar tekið þátt frá upphafi, en ÍS-Forsa, Samtök um rannsóknir í félagsráðgjöf á Íslandi, voru stofnuð árið 2002. Framboð og fjölbreytileiki efnisins sem kynnt var á fyrstu ráðstefnum samtakanna sýnir að þörf var á innlendum vettvangi vísinda og fræða í félagsráðgjöf. Í félagsráðgjafarskor Háskóla Íslands eru haldnar fjölsóttar málstofur í samstarfi við vettvang um rannsóknir og fagfræðileg málefni. Þá er það orðin hefð að nemendur í félagsráðgjöf kynna rannsóknarverkefni sín til lokaprófs með opinberum fyrirlestri. Föstum stöðum kennara í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands hefur fjölgað ört á síðustu árum. Tvær námsleiðir til meistaraþrófs, MA og MSW, eru í boði. Hlutfallslega margir íslenskir félagsráðgjafar

hafa lokið framhaldsnámi (Sigrún Júlíusdóttir, 2004b). Á döfinni er grundvallarbreyting á skipulagi námsins í samræmi við hið svokallaða Bologna-ferli þar sem starfsréttindi miðast við meistaraþróf (Sigrún Júlíusdóttir, í prentun). Unnið er að þróun námsleiða á sérfræðisviðum og undirbúningur doktorsnáms er hafinn. Um þessar mundir er verið að stofna *Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd* við félagsráðgjafarskor Háskóla Íslands í samstarfi við vettvang. Meginmarkmiðið er að efla velferð barna og fjölskyldna með rannsóknnum og fræðslu undir merkjum félagsráðgjafar. Kennarar í greininni geta unnið þar að rannsókn- og þróunarverkefnum í samningsbundnu samstarfi við stofnanir á vettvangi.

Viðtak í fræðapróun félagsráðgjafar

Í samræmi við tíðarandann er nú vaxandi samstilling um fræðavæðingu fagsins og framþróun rannsókna í félagsráðgjöf (Karvinen, 1999; Hansson, 2001; Ginsberg, 2001/1998; Sigrún Júlíusdóttir og Petersson, 2003). Í því felst áhersla á að fagleg þjónusta hvíli á stöðum traustrar þekkingar (*e. knowledge-based practice*). Í áður nefndri íslenskri athugun á viðhorfum og reynslu íslenskra félagsráðgjafa

kom fram afdráttarlaus áhersla á mikilvægi fræðabekkingar og rannsókna fyrir fagið (Sigrún Júlíusdóttir, 2004b; Sigrún Júlíusdóttir og Þorlákur Karlsson, í prentun). Einnig er nú lögð áhersla á vísindalega sannreynda þekkingu (*e. evidence-based knowledge*) til grundvallar félagslegri stefnumörkun í félagsráðgjafarþjónustu (Mullen 2004; Hansson, 2003). Jafnframt hefur verið bent á mikilvægi viðeigandi rannsókna- og matsaðferða hverju sinni (Månsson, 2003). Stofnun Campbell Collaboration (NC2) árið 2000 endurspeglar þessa þróun. Meginverkefni NC2 er að byggja upp skipulegt alþjóðastarf um þróun viðmiða og gædamats í rannsóknum á sviði félagsráðgjafar og í félags-, réttar- og skólakerfinu almennt (sjá vefsíðurnar www.campbellcollaboration.org; www.nc2.net). Starfsemi Campbell hefur vakið skörp, jákvæð og neikvæð viðbrögð meðal félagsráðgjafa og það vekur vonir um að þar sé kominn vaxtarbroddurinn að fullþroska rannsókna-áherslum í félagsráðgjöf (Mullen, 2004).

Félagsráðgjafar hafa numið land í rannsóknum án þess að víkja frá hollustu við skjólstæðingsþjónustu á vettvangi. Fyrirmyndin að slíkri samþættingu felst í tengingu kennslu og rannsókna í háskólanáminu við þjálfun og störf á vettvangi. Sú þjálfun er byggð upp í samstarfi við starfsþjálfunarkennara á vettvangi sem byggja upp fagmyndina og eru sjálfir virkir í kennslu og þróunar- eða rannsóknastarfi (Fuller, 1999; Ramien, 2004). Með því að tryggja þannig samfellt *flæði milli laga* er unnt að forðast gjármyndun milli vísinda og vettvangs (Sigrún Júlíusdóttir, 1986 og 1999). Efinn um gildi rannsókna í félagsráðgjöf sem framan af var svo sterkur, tengdist óvissu um viðtak eða viðmið (*e. paradigm*) fræða og rannsókna. Þegar fyrsta ráðstefnan á Norðurlöndum um rannsóknir í félagsráðgjöf var haldin á Kobæk Strand í Danmörku árið 1973 óttuðust menn að starfandi félagsráðgjafar litu rannsóknáherslu illu auga, teldu að hún yrði á kostnað vettvangsvinnu og myndi alls ekki þjóna hagsmunum skjólstæðinga á nægilega beinan hátt. Félagsráðgjafar í rannsóknum

myndu breytast í félagsfræðinga og enn aðrir, líklegast sálfræðingar, mundu hrifsa af þeim skjólstæðingsvinnuna í grandvaraleysi þeirra sjálfra um fagið eða „viðgerðarstarfið“ eins og þjónusta á vettvangi var stundum kölluð – eða það alversta – að skjólstæðingar félags- og geðheilbrigðisþjónustu stæðu uppi yfirgefni og án málsvara (Sigrún Júlíusdóttir, 1989).

Ekki er fráleitt að hinar háværú gagnrýnisraddir frá áttunda og níunda áratugnum hafi átt sinn þátt í hæfilega hraðri þróun og farsælli mótun rannsóknaviðtaks í greininni. Spurningin í dag snýst ekki um hvort rannsóknir séu hluti af fagþróuninni heldur hvernig megi efla þær og samþætta fagmyndinni.

Í félagsráðgjöf hefur mótast ný þekkingarfræðileg sýn sem byggist á sameiginlegu viðtaki (*e. paradigm*). Vísindaheimspekingurinn T. Kuhn (1962/1980) setti þetta hugtak fram í tengslum við þróun vísindagreina í tímamótaverki sínu *The Structure of Scientific Revolutions*. Í viðtaki felst að viðkomandi fræðigrein hefur þróað með sér sameiginleg hugtök, fræðilegan grunn, hugmyndafræði, markmið og skilgreint hlutverk. Um þróun viðtaks í félagsráðgjöf hefur verið fjallað áður (Sigrún Júlíusdóttir, 1989).

Greina má þekkingarviðtak félagsráðgjafar í fernt:

- Sameiginlegur skilningur á nauðsyn greiningar á ytri og innri aðstæðum, hindrunum og lausnamöguleikum. Greiningin beinist að vanda sem fengist er við út frá samhengi og skilgreiningu á forsendum, úrræðum og styrkleikum. Í slíkri greiningarvinnu er byggt á hinn heildrænu sýn kerfisnálgunar í félagsráðgjöf.
- Sameiginlegur skilningur á því að réttmæt fræðileg þekking skapist í órofa upplýsinga- og samskiptaferli frá grasrót til vísinda og öfugt eins og sjá má af Mynd 1. Sjá nánar annars staðar (Sigrún Júlíusdóttir, Guðrún Reykdal og Gísli Árni Eggertsson, 2004c).
- Sameiginlegur skilningur á að fagleg skjólstæðingsvinna aðgreinist frá ófaglegri



Í því að hún byggist á fræðilegri þekkingu fagmannsins og rannsóknum á því sviði sem fengist er við. Þannig séu rannsóknir og fræðavæðing í félagsráðgjöf tvímælalaust tæki í pragmatískri merkingu um leið og þær skapa nýþekkingu í greininni.

- Áhersla á lýðræðislega aðferðanálgun. Um það er nánar fjallað hér á eftir.

Vísindi í verki

Segja má að hið nýja viðtak í félagsráðgjöf endurspeglar ekki aðeins áherslubreytingu, heldur byltingarkennd umskipti í faggreininni. Rannsóknirnar eru unnar í þágu skjólstæðinga og til eflingar þjónustunnar. Í áður nefndri grein um starfsemi Campbell og vísindasýn félagsráðgjafar er fjallað nánar um tengsl fræða og fags.

Rannsóknir í félagsráðgjöf hnita í þessum anda kringum vettvangstengd þemu, umgjörð þjónustu, lausnaþróun, viðhorf og áhrif skjólstæðinga í lýðræðislegu samráði. Þetta lýsir ekki aðeins tryggð félagsráðgjafar við fagið, sjálft handverkið, þar sem sifell er spurt hvort skjólstæðingum sé tryggð góð þjónusta, heldur líka að með rannsóknarniðurstöðum fæst nýtsamleg þekking til umbóta. Þannig veita t.d. niðurstöður rannsóknar á vinnuumhverfi og vellíðan stjórnenda í félagsþjónustu mikilvæga þekkingu á því að hvaða þáttum þarf að huga svo að samskiptakerfi stjórnenda, fagfólks og skjólstæðinga myndi starfhæfa

heild. Notendakannanir, þ.e. athuganir á viðhorfum skjólstæðinga til þjónustunnar, eru notaðar til að endurskoða vinnubrögð og endurspeglar þannig ákveðið samsköpunarferli í lýðræðisanda (Guðrún Reykdal, 2004). Þar fær rödd skjólstæðingsins æ meira vægi í sjálfu samstarfinu og í samsköpun lausna, en líka í mótun málsniðs, í siðferðilegum álitamálum og í flóknu ákvörðunarferli (Sigurveig H. Sigurðardóttir, 2004).

Fyrstu íslensku doktorsritgerðirnar í félagsráðgjöf snerta m.a. fjölskyldumálefni, barna- og fjölskylduvernd, ofbeldi og sífjaspell, þjónustu við börn og fjölskyldur og stjórnunarþætti félagsþjónustu (Guðrún Kristinsdóttir, 1991; Sigrún Júlíusdóttir, 1993; Guðrún Jónsdóttir, 1993; Steinunn Hrafnisdóttir, 2004; Freydís J. Freysteinsdóttir, 2005). Í nýjustu meistaranámsverkefnum íslenskra félagsráðgjafa endurspeglar vel vettvangstengsl og lýðræðisferli í verki í samræmi við rannsóknaviðtak greinarinnar.

Þessi þróun er mikilvæg fyrir fagmynd félagsráðgjafa og mótun stéttarinnar. Hún er hluti af hinum margþætta þekkingargrunni félagsráðgjafar þar sem einn þáttur getur ekki verið án annars. Verður nú vikið nánar að honum.

Hinn margþætta þekkingar-grunnur félagsráðgjafar

Þekkingarforði félagsráðgjafar er fjölþættur og sóttur á ýmis mið. Umfjöllun um hina fjölþætta rót þekkingarsköpunar í félagsráðgjöf tengist mikilvægi þess að líta á þessar ólíku uppsprettulindir með opnum huga og sjá að samþætting þeirra er meginaflið í heilsteyptu og sterku starfsjálfi: Við getum ekki og eigum ekki að vera annaðhvort/eða, fagmaður eða fræðimaður (praktiker eða teoretiker), því að fagmennskuhugtakið í félagsráðgjöf felur í sér skuldbindingu til að samþætta reynslu, verkþekkingu og fagþjónustu við vísinda- og rannsóknastarf. Þannig verður gild nýþekking til. Hugtakið fagmennska (*e. professionalism*) vísar til langtíma skuldbindingar og gagnkvæmrar hollustu við þau réttindi og það

lögtilta starfsheiti sem námið hefur tryggt. Það er vísirinn að því sem kann að eflast og þróast síðar – jafnvel inn á áður óþekktar brautir.

Í hinum margþætta *þekkingargrunni* fagsins felast ótakmarkaðir kraftar sem geta nýst mun markvissar en áður. Bæði í þróun námsins og í mótun hins fullþroska starfsjálfs nýtur þessi samþætti þekkingargrunnur vaxandi viðurkenningar. Vitundin um hann er að styrkjast með áherslu á tengsl við upphafsætur og sögu félagsráðgjafar samhliða nýrri opnun og breyttum áhrifum frá samtímanum. Með viðurkenningu á vægi allra þessara þátta í starfsjálfinu má leysa úr læðingi styrkleika sem ýmist hafa farið leynt í farteskinu eða afstaðan til þeirra verið of tvíbent. Nokkrir meginstólpar varða veginn í þessu samhengi: :

- (a) Ummyndun aðsóttra þekkingargrunna í sjálfsmótaða, sjálfstæða þekkingu félagsráðgjafar
- (b) Reynsluþekking og verksvit
- (c) Persónureynsla og mótun
- (d) Eigin þekkingarsköpun.

Verður nú hugað nánar að hverjum þeirra um sig.

a. Fræðileg þekking – ummyndun og eigin sköpun. Í þessu felst að sérhver fræðigrein og fagstétt sækir grunnforða þekkingar sinnar að einhverju leyti til annarra fræðis- og reynslugrunna. Í þessu sambandi er talað um tilvísunargreinar (e. reference disciplines) sem eru m.a. sagnfræði, heimspeki, lögfræði, hagfræði, eðlisfræði, líffræði og geðlæknisfræði.

Grunnþekkinguna frá viðmiðunargreinunum þarf að (1) leita uppi og skilgreina, (2) velja og hagnýta í afmörkuðum atriðum sem falla að þörfum greinarinnar og (3) umbreyta úr upprunalegri mynd sinni í þá mynd sem nýtist félagsráðgjöf. Það gerist með því að tengja hana eigin viðtaki, verkfærum, skilgreiningum, siðfræði og fræðiþekkingu. Ef þessi upprunalega þekking er notuð hrá og

henni beitt án samhengis við nýja sviðið þá tapast hin sérfaglega verðmætasköpun sem felst í sjálfu umbreytingarferlinu. Þessu ferli má líkja við virðisaukann sem skapast þegar hráefni er ummyndað úr frumgerð sinni í hina fjölbreytilegustu framleiðslu. Í umsköpuninni öðlast varan nýja fágun, form, merkingu og skírskotanir þannig að upphaf hennar verður oft ógreinanlegt.

Framtíðarmarkmið hverrar faggreinar er að sækja á eins breið mið og þörf er á hverju sinni og jafnframt að breikka og dýpka eigin þekkingargrunn. Þannig aftengir greinin sig jafnt og þétt frá þekkingargrunni annarra greina en nýtir þó í sífellu ný og bitastæð aðföng. Af þessu leiðir að sérfræðingar og kennarar í hverri faggrein ættu að hafa umsjón með henni og kenna sem mest sjálfir hina einstöku námsþætti og miðla afrakstri umbreytingavinnunnar í eigin ritsmíðum. Það skiptir miklu fyrir ímynd og mótun starfsjálfsins þegar í grunnnámi að fyrir liggja kennslubækur eftir fagmenn og kennara úr eigin grein ásamt öðru námsefni. Það tryggir jafnframt að efninu sé fylgt úr hlaði á eigin hugmyndafræðilegum og faglegum forsendum greinarinnar. Að geta byggt á efni höfunda í eigin grein stuðlar að þéttingu fagkjarnans og aukinni virðingu fyrir honum. Slík fagefning styrkir fagímynd og hækkar faglegt sjálfsmat. Notkun á efni annars staðar frá og vísun í fræðimenn annarra greina kryddar, opnar fyrir önnur sjónarhorn og bætir við. Það skapar hins vegar ekki skilning og samsömun við eigin þekkingararf.

b. Verkþekking, verksvit og reynsluþekking. Umbreytingarferlið frá reynslunni úr raunverulegu lífi og starfi yfir í þekkingarsköpun felur í sér meðvitanda úrvinnslu og gerjun út frá eigin siðfræði, gildismati og hugtakamma. Þarna kemur til skjalanna annars vegar bein eða opinská þekking (e. *explicit knowledge*) þ.e. uppsöfnuð þekking á staðreyndum, viðteknum hugtökum og kenningum. Hins vegar er undirskilin eða fólgin þekking (e. *implicit knowledge*) sem hefur mótast af eigin innsæi og persónulegum skilningi hvers og eins í viðkomandi hópi. Þróun nýrra

hugtaka, aðferða og tækni í tengslum við rannsóknarvinnu og fræðastörf á grundvelli hennar er oft verulega mótuð og auðguð af þessari óbeinu reynsluþekkingu, „knowledge about how to do things“ (Patel, Arocha & Kaufman, 1999, bls.78).

Nátengt þessu er hin skapandi verk hæfni sem reynslan færir góðum fagmanni og er stundum kölluð verksvit (*e. tacit knowledge*) eða faglegt innsæi (Horvath, 1999). Talað er um þögla eða ósagða þekkingu sem verður til innan stofana (Argyris, 1990) eða það sem Edvinson og Malone (1997) tala um í rannsókn sinni sem falda færni eða dulinn dug (*e. hidden intellect*).

Sú tilhneiging hefur verið rík meðal hjálpar- og fagstétta, og þá ekki síst í félagsráðgjöf, að gera lítið úr gildi þessa hluta þekkingargrunnsins þrátt fyrir að hann sé ríkur þáttur í greininni. Það hefur stundum þótt lágreist og ófaglegt að vísa til samhugar hvað þá að „gera út á hann“ jafnvel þótt það hafi tengst sjálfshjálparhópum, góðgerðarsamtökum og virtu sjálfboðastarfi í anda mannúðarstefnu. Ákafi og (of)innlifun hefur því miður heldur ekki alltaf stuðlað að faglegum vinnubrögðum. Það á þó oftast við í tilvikum sem eiga rætur að rekja til ómeðvitaðs persónulegs reynsluforða sem fagmaðurinn hefur ekki samþætt fræðilegri þekkingu. Þá tekur ofsamsömun völdin og fagmaðurinn fer að beita sér af tilfinningasemi fremur en faglegri færni. Þetta atriði tengist því stundum þriðju tegund þekkingarforðans, bernskureynslu og fjölskylduaðstæðum (Skinner, 1994,1995).

c. Persónuleg mótun – uppeldis- og bernskureynsla. Athyglisvert er að fyrstu rannsóknirnar á fjölskyldubakgrunni fagstétta hófust á síðustu áratugum 20. aldar, þ.e. á þeim tíma sem fræðavæðing fagsins var að ryðja sér til rúms og menn glímdu við að leita að orsökum fyrir „fræðafælni“ fagsins. (Sigrún Júlíusdóttir, 2004a). Í þessum rannsóknum kom fram að greina mátti fylgni milli starfsvals á sviði hjálparstarfa og þess sem mætti kalla „brösóttan bakgrunn“. Hinn verðandi fagmaður reyndist þá oft hafa verið bjargvættur eða sjálfur í hlutverki polanda í erfiðum uppveiti

(Marsh,1988; Russel, Gill, Coyne og Woody, 1993; Black, Jeffreys og Hartley, 1993; Rompf og Royse, 1994; Jurkovic, 1997). Þetta er stundum talin vera forsagan að „umhyggjuþrá“ (*e. care taking syndrome*). (Lackie, 1983). Í því felst að persónureynsla skapar ekki aðeins almenna innlifunarhæfni heldur mótast ríkuleg samhygðarhæfni og næmi úr tilfinningakvikun reynslunnar. Þessi eiginleiki er oft mikilvægasti sprotinn og sköpunaraflíð í frjóu meðferðarstarfi.

Bernskureynslu má virkja til þroska í eigin meðferðarvinnu, hvort sem reynslan hefur verið góð eða slæm. Án úrvinnslu getur slík reynsla verkað ófaglega en með úrvinnslu skapast forði með dýnamisku vali úrræða, reynslu og visku.

Jafnframt er mikilvægt að vera þeim mun betur vakandi gagnvart þeim verðmætum sem sterk persónuleg reynsla og næmi fyrir sársauka getur falið í sér fyrir verðandi fagmann. (Hanna, 1990a, 1990b). Þar leynist oft sú undirstaða samhygðar sem er andstæða skrifræðisþjónustu – versta óvinnar fagmennskunnar. Samhygðin færir fagstéttinni verðmætan mannskilning og er undirstaða virðingar fyrir manngildi og mannréttindum. Hún er í raun frumafli sannrar fagmennsku sem reynir svo mjög á í ágengum verkefnum í opinberum þjónustukerfum þar sem oft ríkir úrræðaþurrð og regluveldi.

Segja má að samúð, samsömun og góðmennska sé grunnur og frumstæð mynd samhygðarinnar. Hin faglega samhygð er þannig í raun göfguð (*e. sublimation*) útgáfa af hjálparþörf og óeingingjarnri löngun eða lítt haminni þörf til að láta gott af sér leiða. Þegar fagmaður hefur öðlast innsæi í þetta og hefur á valdi sínu aðgreiningu og stjórn á eigin líðan ásamt fágudum starfsaðferðum á fræðilegum grunni getur hann beitt þeim ásamt innsæinu sem tæki bæði í þágu skjólstæðinga, fagsins og eigin hags. Í menntun félagsráðgjafa þarf að hafa vakandi auga með þessu „óbeislaða afli“ og gefa kost á vinnu með persónuþroska í námsferlinu eða beina þeim nemendum annað sem hafa skaddast af reynslu sinni en nýta sér ekki meðferð (Deal, 1999; Brighman, 1984;

Sigrún Júlíusdóttir, Steinunn Hrafnadóttir og Bjarney Kristjánsdóttir, 2002).

d. Umbreyting kynslóðaarfsins í sögu fagsins. Fjórði þátturinn tengist líka viðurkenningu á upphafi sínu, í þessu tilviki *sögulegu* upphafi og forsendum fagsins, hugmyndunum sem greinin er sprottin upp úr, björtum og myrkum skeiðum í sögu hennar. Hin sögulega arfleifð byggist, bæði í styrk sínum og veikleika, á hugmyndafræði og mannúðargildum sem mynda fagsiðferðileg verðmæti, sem fagstétt getur ekki verið án, allra síst hjálparstétt eins og félagsráðgjöf. Þessi saga er ekki síst persónusaga frumkvöðlanna, sagan um samfélagslegt framlag þeirra, fórnarlund og pólitíska vitund. Hún snertir líka upphafsverk þeirra og rit sem hafa mótað hugmyndir, siðfræði og aðferðagrunn sem greinin getur sótt visku í enn þann dag í dag. Of mikil upphafning eða þöggun á eigin sögu er oftast vísbending um ósjálfstæði og að greiningar sé þörf. Sönn hollusta við upphafið felur í sér aðgreiningu frá því og hæfni til að sjá söguarfinn í ljósi aðstæðna hverju sinni – að þá var þá og nú er núna. (Sigrún Júlíusdóttir, 1986 og 2004a).

e. Sjálfstæðar rannsóknir, kenningasmíð og aðferðapróun. Í upphafi þessarar greinar var sjónum beint að þeirri grósku sem nú á sér stað í fræðavæðingu fagsins og nýsköpun þekkingar með eigin rannsóknum. Þannig má segja að við höfum spannað skalann og getum lokað hringnum með umfjöllun um tengsl aðferða, fagstyrks og þessarar undirstöðu í þekkingargrunninum.

Viðhorf manna til þekkingarfræði, valda og lýðræðis hafa þróast mjög að undanfögnu og haft áhrif á starfsaðferðir. Þetta hefur meðal annars skapað félagsráðgjöf nýja fagpólitíska valdastöðu. Í vaxandi mæli er beitt lausnamiðun og unnið út frá styrkleikum um leið og horfið er frá því að einblína á vandamál og hindranir. Þannig hafa nú hugtök eins og *efling* (e. *empowerment*), *seigla* (e. *resilience*), *opnun* og *lýðræðisferli* fengið byr undir báða vængi í skjólstæðingsþjónustu sem og annars staðar.

Það er hins vegar vonlítið að ætla að efla skjólstæðinga og stöðva vanmáttarferli annarra nema í krafti eigin eflingar og sjálfræðis í starfi og stöðu. Til þess að hinar nýju aðferðir – notendasamráð eða samsköpun í stað inngripa – nái tilætluðu markmiði þarf fagmaður að búa yfir nægilegu (fag)sjálfstrausti til að geta sleppt valdasprotanum og höfðað til styrks skjólstæðinga. Þekkingarlegt og faglegt sjálfræði næst með því að við sköpum sjálf þá þekkingu sem beitt er í skjólstæðingsvinnunni og lögð er til grundvallar stefnumótun og þróun nýrra lausna. Þannig má ná þeirri viðspyrnu sem svo mjög hefur skort til þess að öðlast faglegt sjálfræði og fullgilt umboð gagnvart skjólstæðingum, í faglutverkinu og í samfélagi fagstétta. Um leið öðlast fagstéttin vald og styrk sem kemur í veg fyrir að hún sé sjálf hneppt í fjöttra opinbers valds.

Þekking, áhrif og vald

Í anda hinnar láréttu og lóðrétta heildarsýnar er gagnlegt að skoða hver hugmyndafræðilegur grunnur og samfélagsstaða félagsráðgjafar var fyrir rúmum 100 árum. Á þeim tíma sem liðinn er hefur greinin brotist áfram gegnum býsna skrykkjótt þróunarferli og innri og ytri átök um viðhorf. Upphafið tengdist ströngu eftirlits- og ráðsmennskuhlutverki, oft í nafni hjálpsemi og velvilja eða með pólitískri skírskotun og jafnvel aðgerðum. Hin pólitíska samfélagsvitund hefur alltaf fylgt félagsráðgjöf en í framkvæmdinni hefur fagið lengst af sveiflast og jafnvel verið í togstreitu milli hins „góða foreldris“, „hins afskiptasama ábyrga foreldris“ og hins „glöggskyggna, refsandi foreldris“. Stéttin glímdi þannig lengi við spurningarnar: *hver erum við, hvað getum við og til hvers?*

Áhugavert er að rifja upp hvernig nýtt þekkingarfræðiviðtak og kerfisnálgun átti vaxandi fylgi að fagna um miðja 20. öld. Rit hugmyndasmiða síðustu aldar hafa haft áhrif á þá skörpu framvindu sem orðið hefur í félagsráðgjöf í átt að því að vita *hver við viljum vera* og hvernig við getum aukið sjálfræði okkar og skapað okkur markvissari sess meðal

annarra fagstétta.

Einn áhrifaríkasti hugmyndasmiður 20. aldar, Michel Foucault, setti fram ögrandi hugmyndir um samspil þekkingar og valds. Hann beindi gagnrýnum sjónum að uppbyggingu helstu valdakerfa samfélagsins, réttarkerfisins (ekki síst fangelsa), heilbrigðiskerfisins (ekki síst geðsjúkrahúsa) og félagsþjónustunnar (ekki síst eftirlitskerfis). (Foucault, 1980; Chambon, Irving og Epstein, 1999). Í gagnrýninni greiningu beindi hann athyglinni að tveimur máttarstólpum í valdastöðu þessara kerfa, þ.e. annars vegar að umgjörðinni (strúktúr, arkitektúr og staðsetning) sem var í senn valdatákn og birtingarmynd (*e. manifestation*) hins útfærða valds ásamt löggjöf og reglugerðum og hins vegar að umbjóðendum eða handbendum þessara valdakerfa, þ.e. sérfræðingum eða fagfólki. Þeirra hlutverk var að framkvæma skipanir og starfa í anda aðþrengjandi (*e. repressive*) löggjafar og kúgandi starfshátta í endurverkandi (*e. reflexive*) samspili. Þar mótuðust samskiptin af gerendum og viðföngum í andhverfri valdastöðu. Með því að íklæðast slíku hlutverki fengu sérfræðingar umbunandi valdastöðu sem ýmist fólst í íhlutun um líf annars fólks eða þá í að skara eld að eigin köku. Sérfræðiþekking gat orðið til þess að þrengja sýn, viðhorf og vinnubrögð fagfólks og njörva það þannig enn fastar í æ þrengri sérfræðihlutverk. Þessi sjónarmið komu fram hjá fleiri höfundum sem fjölluðu á gagnrýninn hátt um valdastöðu fag- og sérfræðiþekkingar og voruð við henni (Freire, 1972; Foucault, 1980). Félagráðgjafar, geðlæknar, kennarar og lögmenn voru meðal þeirra fagstétta sem þá höfðu umboð gerandans (sem fulltrúar kerfisins) til að beita valdi um leið og þeim sást yfir að þeir voru sjálfir jafnframt á hliðstæðan hátt ófrjálst viðfang yfirvaldsins.

Þegar fagstéttirnar fóru sjálfar að skoða betur raunverulega stöðu sína gagnvart valdi á síðari hluta síðustu aldar skapaðist aukin vitund um það að vera slíkt handbendi. (Chambon o.fl., 1999). Hugmyndasmiðir og samfélagsrýnar eins og t.d. Ivan Illich (1975, 1977) sem gagnrýndu „meðferðar og þjónustukerfi“

skrifuðu rit sem áttu vinsældum að fagna um og uppúr miðri 20. öld. Rit Illich eru ekki jafntorlesin og rit Foucaults og náðu því fljótt sterkum áhrifum meðal fagfólks. Ágreiningur um þessi málefni magnaðist og spurningar um sjálfsmynd félagsráðgjafar urðu ágengari. Hvort fælist lausnin í því pólitíska á makróplaninu eða í því persónulega á míkroplaninu? Margir hölluðu sér að hugmyndafræði Freire (1972) um að mynda samstöðu með þeim kúguðu, fræða þá og efla. Aðrir lögðu áherslu á að fínþússa fagmennskuna og ná virtum sessi meðal hinna sterkari fagstétta. Enn aðrir lögðu áherslu á samfélagsþróun, starf með þróunarlöndum og samspil valdaþátta og fram kom hugtakið fagafl (*e. empowerment*). Í því fólst að fagfólk notaði þekkingu sína til þess að færa skjólstæðingum aukinn styrk og völd til að hafa sjálfir áhrif á aðstæður sínar.

Til þess að geta gert þetta varð viðkomandi fagstétt að hefja sig upp fyrir „íhlutunar- og þjónustuhlutverkið“. Í því fólst að efla eigin valdastöðu, öðlast dýpri skilning og breiðari yfirsýn um þau ferli sem fagstéttin er hluti af. Því yrði hins vegar aðeins náð með meiri menntun félagsráðgjöfum til handa og með því að útbúa þá með betri verkfærum, m.a. til rannsóknastarfa. Áherslan á lengri og vandaðri háskólamenntun og rannsóknarþjálfun varð meiri og öflugri (Dellgran og Höjer, 2000; Karvinen, 1999; Högskoleverket, 2000; Alwall, 2004).

Niðurlag

Meðan hin heildræna sýn stendur undir nafni í hugmyndafræði félagsráðgjafar ætti greininni ekki að verða skotaskuld úr því að slá vörð um sinn samþætta þekkingargrunn rannsókna, sögu, persónu, grunnfræða og aðferða. Með því verður ekki aðeins auðveldara heldur líka rökrétt að halda opnu flæði milli laga, eins og vikið var að hér að framan. Það skapar heilsteypa fagstétt þar sem gagnkvæm virðing ríkir milli fræða, fags og rannsókna og eitt lagið getur ekki verið án annars. Lýðræðishugsun og áhrif tengd póstmóðernisma hafa stuðlað að áherslu á innihald, samskipti og

samsmið fremur en formgerð og forskriftir. Þannig vinna nú félagsráðgjafar og skjólstæðingar að sameiginlegri lausnasmíð í anda hugsmíðahyggju (*e.constructivism*) (Gergen, 2001; Gergen og Gergen, 2004; McNamee and Gergen, 2004). Slík samvinna á jafnræðisgrundvelli ásamt því þekkingarvaldi sem felst í sjálfstæðri hugtakasmíð og aðferðaþróun á grundvelli eigin rannsókna er líklega vænlegasta leiðin út úr siðferðisklemmuni milli þess að vera annaðhvort þjónar yfirvalda eða lítils metnir, vanmáttugir hjálparar í ofsamsömun við skjólstæðinga. Með beittari verkfærum fær fagstéttin nýja valdastöðu sem losar hana úr viðjum pólitískra áhrifafla til sjálfræðis – frá handbendi til fagafls.

Úrdráttur.

Í greininni er reynt að skilgreina viðtak rannsókna og fræða í félagsráðgjöf. Það er tengt sögu og fagþróun þar sem þekkingarsköpun er samofin störfum á vettvangi. Í þessu sambandi er sett fram greining á margþættum þekkingargrunni félagsráðgjafar og færð rök fyrir því að viðurkenning á hlutum hans jafnt sem heild leiði til heilsteyptari og þróttmeiri fagímýndar. Fjallað er um lýðræðisáhrif í samstarfi við skjólstæðinga og það faglega sjálfstraust sem þarf til að vinna út frá þeirri nálgun. Með vísun til m.a. kenninga Michel Foucaults um vald og þekkingu er því haldið fram að fagímýnd á fræðilega styrkum grunni færi greininni sjálfræði til að standast stofnanavald og geta virkjað faglegt afl sitt fyrir skjólstæðinga, eigið starfsjálfræði og þróun fagsins.

Heimildir

- Alwall, J. (2004). Att utveckla socionom utbildningen – Sammanfattande reflektioner. Í J. Alwall (Ritstj.). Att utveckla socionomutbildningen í *Vägar till kvalitetsutveckling inom socionomutbildningen* (bls. 125-141). *Rapport från ett pedagogiskt utvecklingsprojekt*. Stockholm: Samarbetskommittén för Sveriges socionomutbildningar och Sköndalsinstitutet.
- Argyris, C. (1990). *Overcoming organizational defenses*. Needham: Allyn & Bacon.
- Black, P.N., Jeffreys, D., og Hartley E.K. (1993). Personal history of psychosocial trauma in early life of social work and business students. *Journal of Social work Education, 29* (2), 171–180.
- Brighman, B. (1984). Narcissistic issues in the training experience of the psychotherapist. *International Journal of Psychoanalytic Psychotherapy, 10*, 293–317.
- Chambon, A., Irving, A. og Epstein, L. (1999). *Reading Foucault for social Work*. New York: Columbia University Press.
- Deal, K. H. (1999). The Effects of Students Care taking History on Clinical Performance. *Smith College Studies in Social Work, 70* (1), 47–68.
- Dellgran, P. og Höjer, S. (2000). *Kunskapsbildning, akademisering och professionalisering i socialt arbete*. Göteborg: Kompendiet-Göteborg.
- Edvinson, L. og Malone, M. (1997). *Working knowledge. How organizations manage what they know*. Boston: Harvard Business School Press.

- Foucault, M. (1980). *Power – Knowledge*. New York: Pantheon.
- Freire, P. (1972). *Pedagogy of the Oppressed*. Harmondsworth: Penguin Books.
- Freydís J. Freysteinsdóttir. (2005). *Risk factors for repeated child maltreatment in Iceland: An ecological approach*. Reykjavík: University of Iceland Press.
- Fuller, R. (1999). Practitioner research: Toward reflexive practice? Í T. Trpodi (Ritstj.). *ew Directions for Social Work Practice Research* (bls. 39-55). Washington D.C.: National Association for Social Workers Press.
- Gergen, K. J. (2001). *Social construction in context*. London: Sage Publications.
- Gergen, K.J. og Gergen, M. (2004). *Social construction. Entering the dialogue*. Ohio: Taos Institute Publications.
- Guðrún Jónsdóttir. (1993). *Surviving Incest: Icelandic and British incest survivors' experience of incestuous abuse*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guðrún Kristinsdóttir. (1991). *Child welfare and professionalization*. Umea: University of Umeå.
- Guðrún Reykdal. (2004, apríl). *Áhrif notenda á skipulag þjónustu í gegnum rannsóknir og notendakannanir*. Erindið var flutt á Málþingi Ís-forsa. Erindið er hægt að fá hjá Ís-forsa.
- Ginsberg, L.H. (2001/1998). *Careers in Social Work*. London: Allyn & Bacon.
- Hanna, E.A. (1990a). The relationship between false self compliance and the motivation to become a professional helper: Part I – A case presentation. *Smith College Studies in Social Work*, 60 (2), 169–184.
- Hanna, E.A. (1990b). The relationship between false self compliance and the motivation to become a professional helper: Part II – A case presentation. *Smith College Studies in Social Work*, 60 (3), 263–281.
- Hansson, K. (2001). *Familjebehandling på goda grunder. En forskningsbaserad översikt*. New York: Gothia.
- Hansson, J.H. (2003). Om en kunskapsbaserad socialtjänst. *Nordisk Socialt Arbeid* 4 (23), 194–201.
- Horvath, J.A. (1999). *Tacit Knowledge in the professions*. Í R. J. Sternberg & J. A. Horvath (Ritstj.). *Tacit Knowledge in the professional practice. Researcher and Practitioners Perspectives*. New Jersey: Lawrence Erlbaum Associates Publ.
- Högskoleverket.. (2000). *Utvärdering av Socionombildningar*. Stockholm: Högskoleverkets rapportserie, 2000:6 R.
- Illich, I. (1975). *Medical Nemesis. The expropriation of health*. London: Calder and Boyars Ltd.
- Illich, I. (1977). *Disabling Professions*. London: Calder and Boyars Ltd.
- Jurkovic, G.J. (1997). *Lost Childhoods: The plight of the parentified child*. New York: Brunner/Mazel.
- Karvinen, S. (1999). The methodological tensions in finnish social work research. Í S. Karvinen, T. Pösö & M. Satka (Ritstj.). *Reconstructing Social Work Research. Finnish Methodological Adaptations* (bls. 277-303). SoPhi: University of Jyväskylä.
- Kuhn T. (1962/1980). *The Structure of Scientific Revolution*. Chicago: Chicago University Press.

- Lackie, B. (1983). The families of origin of social workers. *Clinical Social Work Journal* 11 (4), 309–322.
- Månsson, S.A. (2003). Att förstå sociala insatsers värde. *Nordisk Socialt Arbeid* 2 (23), 73–80.
- Marsh, S.R. (1988). Antecedents to choice of a helping career: Social work vs. business majors. *Smith College Studies in Social Work* 58 (2), 85–100.
- McNamee, S. og Gergen, K.J. (2004). *Therapy as Social Construction*. London: Sage Publ. Ltd.
- Mullen, E. J. (2004). *Evidence-based practice in a social work context – The United States case* (FinSoc Working Papers 2/04). Helsinki: STAKES.
- Patel, V.L., Arocha, J.F. og Kaufman, D.R. (1999). Expertise and Tacit Knowledge in Medicine. Í Sternberg, R., Horvath, J. (Ritstj.), *Tacit knowledge in professional Practice: Researcher and Practitioner Perspectives* (bls. 75–120). Mahwah, New Jersey og London: Lawrence Erlbaum and Associates.
- Ramien, K. (2004 30. sept.- 2. okt.). Practitioner based inquiry in networks as knowledge management. Erindi flutt á sjöttu ráðstefnu EES í Berlín.
- Rompf, E.L. og Royse, D. (1994). Choice of Social Work as a Career: Possible Influences. *Journal of Social Work Education*, 30 (2), 163–171.
- Russel, R., Gill, P., Coyne, A. & Woody, J. (1993). Dysfunctions in the family of origin of MSW and other graduate students. *Journal of Social Work Education*, 29 (1), 121–129.
- Sigrún Júlíusdóttir. (1986). *Teoriens relevans för praktiskt socialt arbete*. Nordisk Socialt Arbete 6 (2), 3–23.
- Sigrún Júlíusdóttir. (1989). *Félagsráðgjöf: Rannsóknir og fagþróun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir. (1993). *Den Capabla Familjen i det isländska samhället. En studie om lojalitet, äktenskapsdynamik och psykosocial anpassning*. Reykjavík/Gautaborg: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir. (1999). Social Work Competence in the Competence Society: a professional survival. *Issues in Social Work Education*, 10 (1), 75–93.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2004a). Theorizing practice – target and tools in the transformation process. *Nordic Conference for Social Work Education*. SSKH Konferencerapport Not. 1/2004, 31–47.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2004b). Rannsókn á fræðastörfum íslenskra félagsráðgjafa. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum V* (bls. 343-359). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands /Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir. (Í prentun). The emerging paradigmshift in Social Work – in Perspective of the Current Reforms of European Social Work Education. *Social Work & Society*.
- Sigrún Júlíusdóttir, Guðrún Reykdal og Gísli Árni Eggertsson. (2004c). Gæðamat í félagsvísindum – sjónarhorn félagsráðgjafar. *Sálfræðiritið, Tímarit Sálfræðingafélags Íslands* 9, 111–125.
- Sigrún Júlíusdóttir og Petersson, J. (2003). Common social work education standards in the Nordic countries – opening an issue. *Social Work and Society*, 1 (1). Sótt 27. janúar, 2006 af <http://www.socwork.de/papers1.html>

- Sigrún Júlíusdóttir, Steinunn Hrafnadóttir og Bjarney Kristjánsdóttir. (2002). Student practice placement as gatekeepers to the profession. Í Shardlow, S. M. and Doel, M. (Ritstj.), *Learning to practice social work* (bls. 110–130). London: Jessica Kingsley Publishers.
- Sigrún Júlíusdóttir og Þorlákur Karlsson. (Í prentun). Some Indications for Professional Development in Social Work. A Study of theoretical orientation and attitudes to research among Icelandic Social Workers. *Journal of European Social Work*.
- Sigurveig H. Sigurðardóttir. (2004). Notendaval og sjálfsákvörðunarréttur notenda. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum V* (bls. 335–342). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands/Háskólaútgáfan.
- Skinner, I. (1994). Barn som far ill och narcissism. *Socionomen* 7, 21–27.
- Skinner, I. (1995). Behandlingsarbete och narcissism. *Socionomen* 1, 25–40.
- Steinunn Hrafnadóttir (2004). *The Mosaic of Gender. The Working environment of Icelandic social service managers*. Reykjavík: University of Iceland Press.

